

## M-49/2010 Álit 27. apríl 2010

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 27. apríl 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-49/2010:

#### I

Hinn 6. apríl sl. barst kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni um álit frá X, hér eftir einnig nefndur álitabeiðandi, er varðar kaup hans á hjólkoppum hjá Y. Hinn 29. mars sl. ritaði kæruneftndin álitabeiðanda svohljóðandi bréf:

„Hinn 6. þ.m. móttók kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni þína um álit nefndarinnar vegna kaupa á hjólkoppum hjá Y 11. febrúar sl. Áður en kæruneftndin gefur seljanda kost á því að taka afstöðu til þess sem kemur fram í beiðninni óskar hún eftir því að þú gerir nánari grein fyrir því hvaða kröfu þú gerir á hendur seljanda, en það kemur ekki skýrt fram í álitabeiðninni. Frestur til þess að upplýsa kæruneftndina um framangreint atriði er til mánudagsins 19. apríl nk.“

Kæruneftndinni hefur ekki borist neitt svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir eftirfarandi:

„Í álitabeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álit á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitabeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitserð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Þar sem framangreind álitserðni fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að því er kröfugerð varðar álitur kæruneftndin annað óhjákvæmilegt en að vísa henni frá, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Kæruneftndin vill benda á að þrátt fyrir frávísunina getur álitserðandi beðið nefndina um álit að nýju svo fremi að sú beiðni fullnægi ákvæðum reglugerðar nr. 766/2006.

#### II

## Álitsorð

Álitsbeiðni, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir